



Borgarráð

**Framkvæmd afsláttar til tekjulágra elli- og örorkulífeyrisþega af fasteignaskatti og fráveitugjaldi vegna 2015**

Lagt er til að borgarráð samþykki að gjalddagi krafna vegna framkvæmdar afsláttar til tekjulágra elli- og örorkulífeyrisþega af fasteignaskatti og fráveitugjaldi verði 1. nóvember nk. og eindagi 30 dögum síðar. Þó geta þeir sem skulda að lágmarki 25.000 kr. óskað þess að fá að ljúka greiðslum í þremur hlutum þann 1. desember, 4. janúar og 1. febrúar nk. Lagt er til að þeir sem eiga inneignir fái þær greiddar út 6. nóvember nk.

**Greinargerð**

Ofangreint fyrirkomulag var einnig viðhaft á árinu 2014 með góðum árangri. Við álagningu fasteignagjalda í janúar 2015 var afsláttur elli- og örorkulífeyrisþega miðaður til bráðabirgða við tekjur ársins 2013 en miða ber við tekjur ársins 2014. Þar sem álagning Ríkisskattstjóra liggur fyrir vegna tekjuársins 2014 er afslátturinn endurreiknaður og reynist hann nema 287 mkr. í heildina vegna ársins 2015 og skiptist þannig:

Vegna fasteignaskatts 153 mkr.

Vegna fráveitugjalds 134 mkr.

Í upphafi árs var í samræmi við álagningu á grundvelli tekna ársins 2013 gjaldfærðar 307 mkr. og er því álagning nú á grundvelli tekna 2014 um 20 mkr. lægri en gjaldfærslan í upphafi árs.

Heildarafsláttur vegna fasteignagjalda var áætlaður 335 mkr. í fjárhagsáætlun ársins 2015 og reynist hann því vera um 48 mkr. undir áætlun ársins eftir endurútreikning.

Fjöldi afsláttarþega var 4229 á sama tíma í fyrra en hann reynist 3851 í ár, sem er fækkun um 378 afsláttarþega.

Í neðangreindri töflu má sjá nettó breytingu frá skráningu í upphafi árs:

Afsláttarþegar sem missa afslátt	1.154
Afsláttur að meðaltali sem fellur út	48.398
Niðurfelldur afsláttur í heild	55.851.800
Afsláttarþegar sem fá inneign	799
Afsláttur að meðaltali sem er greiddur út	-55.613
Afsláttur sem greiðist út í heild	44.434.932
Nettó breyting	11.416.868

Dagur B. Eggertsson